

10. gr.

Frumrit bókunar þessarar, sem gerð er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Saminuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra ríkja, sem tilgreind eru í 5. grein.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnum sínum, undirskrifað bókun þessa.

Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag aprílmánaðar 1961.

Article X

The original of the present Protocol, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States referred to in Article V.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed the present Protocol.

DONE AT VIENNA, this eighteenth day of April one thousand nine hundred and sixty-one.

26. maí 1971.

Nr. 15.

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og Sviss um niðurfellingu á tolli og söluskatti af flugvélaeldsneyti.

Með erindaskiptum milli sendiráðs Íslands í Bonn og utanríkisráðuneytis Sviss hefur verið gengið frá gagnkvæmu samkomulagi um niðurfellingu tolls og söluskatts af flugvélaeldsneyti.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. maí 1971.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

9. júní 1971.

Nr. 16.

AUGLÝSING

um breytingu á samstarfssamningi frá 23. marz 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Hinn 1. júní 1971 var utanríkisráðuneyti Finnlands afhent fullgildingarskjal Íslands varðandi samkomulag um breytingu á samstarfssamningi frá 23. marz 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Samkomulagið tekur gildi hinn 1. júlí 1971.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. júní 1971.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.